

Lífmassaaukning ÍS47 um 600 tonn af regnbogasilungi og laxi í sjókvíum í Önundarfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 15. maí 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá ÍS 47 ehf. um lífmassaaukningu um 600 tonn af regnbogasilungi og laxi í sjókvíum í Önundarfirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lífmassaaukning ÍS 47 ehf um 600 tonn af regnbogasilungi og laxi í sjókvíum í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ. Matsskyldufyrirspurn. Rorum – ÍS 47 ehf. Maí 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 14. júní 2024,
- Fiskistofu dags. 2. ágúst 2024,
- Hafrannsóknastofnun dags. 12. júní 2024,
- Matvælastofnun dags. 14. júní 2024,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. júní 2024,
- Umhverfisstofnun dags. 10. júní 2024.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 16. júlí 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

ÍS 47 ehf. hefur starfs- og rekstrarleyfi fyrir 1.000 tonna hámarkslífmassa regnbogasilungs og þorsks innan tveggja eldissvæða í Önundarfirði eða 1.200 tonna ársframleiðslu í firðinum. Árið 2023 kynnti framkvæmdaraðili áform um færslu eldissvæðisins við Ingjaldssand norður yfir fjörðinn að Hundsa og tegundabreytingu úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi auk þess að auka eldismagn sem nemur 900 tonnum, þannig að hámarkslífmassi yrði 1.900 tonn á hverjum tíma í sjókvíum fyrirtækisins í Önundarfirði. Skipulagsstofnun tók ákvörðun dags. 7. febrúar árið 2023 um að tegundarbreyting framkvæmdaraðila úr regnbogasilung og þorski yfir í regnbogasilung og lax, færslu eldissvæðis yfir að Hundsa og aukning á hámarkslífmassa um 900 tonn skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð áform

Fyrirhuguð framkvæmd felst í aukningu á umfangi eldis í Önundarfirði um 600 tonn af lífmassa af regnbogasilungi og/eða frjóum laxi í sjókvíum eða samtals 2.500 tonna hámarkslífmassa



fyrirtækisins í Önundarfirði. Notast verður við norsk ættaðan laxastofn og regnbogasilung. Seiði verða bólusett fyrir sjósetningu og hyggst framkvæmdaraðili nota seiði sem náð hafa 100 gr. við útsetningu. Fyrirtækið mun þó fylgjast náið með þróun í framleiðslu á „stórsolti“ sem eru laxaseiði a.m.k. 300 gr. að þyngd. Fóðurnotkun verður 3.500 tonn við framleiðslu á 2.500 tonna lífmassa, miðað við fóðurstuðul 1,4. Eldisferill hvernar kynslóðar tekur 18-24 mánuði og hvert eldissvæði hvílt í minnst 90 daga áður en ný kynslóð verður sett út.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum ÍS 47 ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á ástand sjávar og lífríki á hafsbotni

Skipulagsstofnun bendir á að fyrir liggur mat á burðarþoli Hafrannsóknastofnunar sem er mat á getu fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi, auk áhættumats stofnunarinnar á mögulegri erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna. Samkvæmt mati á burðarþoli Önundarfjarðar er hámarkslífmassi fiskeldis í firðinum talinn 2.500 tonn.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Önundarfjörður sé um 14 km að lengd og á milli 2 til 6 km breiður, heildarflatarmálið sé um 50 km². Fjörðurinn sé frekar grunnur og dýpi yfirleitt á milli 20-30 metrar. Botndýr séu nokkuð vel þekkt og er fjölbreytileiki botndýrafánu sambærilegur við aðra firði á Vestfjörðum þar sem mælingar á botndýralífi hafa farið fram. Við framleiðslu á 2.500 tonna lífmassa verður fóðurnotkun um 3.500 tonn. Magn köfnunarefnis af því fóðurmagni verður 245 tonn og hlutur fosfórs 35 tonn. Magn næringarefna sem berast út í umhverfi Önundarfjarðar á ári verða því samtals um 152 tonn af köfnunarefni og um 35 tonn af fosfór. Eldisferill hvernar kynslóðar mun taka 18-24 mánuði og í lok þess tíma verða eldissvæði hvíld í minnst 90 daga áður en ný kynslóð verður sett út. Hvíld eldissvæða er til að stuðla að minni röskun á vistkerfi fjarðarinnar, að botndýralíf undir kvíum hafi möguleika á endurnýjun og minnka líkur á súrefnisþurrð við botn. Verði útsetning seiða metin óheimil eftir hvíld eldissvæðis, m.t.t. niðurstöðu vöktunar, verður útsetningu frestað eða aflýst.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að ljóst sé að burðarþoli Önundarfjarðar sé náð með fyrirhugaðri aukningu á lífmassa og þeim mun mikilvægara að vöktun á umhverfisáhrifum sé ítarleg og markviss þ.m.t. á næringarefnaálagi, lúsasmiti og stroki laxfiska. Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og Matvælastofnunar er bent á að ekki komi nægilega vel fram hvernig áætluð aukning skiptist á milli tegunda sem gerir mat á fóðurþörf og þar með lífrænu álagi óskýra þar sem gert sé ráð fyrir hærri fóðurstuðli við eldi á regnbogasilungi en laxi. Burðarþolslíkan Hafrannsóknastofnunar geri ráð fyrir fóðurnýtingu upp á 1,18 í stað 1,40 fyrir regnbogasilung. Skilgreina þurfi hversu mikið af kolefni, köfnunarefni og fosfór mun berast í umhverfið til þess að geta metið umhverfisáhrif eldisins ef ala á regnbogasilung. Mögulega verði álag á vatnshlotið meira en ásættanlegt er skv. burðarþoli ef regnbogasilungur er alinn þar sem 2.500 tonna burðarþol fjarðarinnar miði við ef lax væri alinn þar í sama magni. Einnig er bent á að hafstraumar við fyrirhugað eldissvæði við Hundsa geti beint næringarefnum inn í fjörðinn sem aukið geti hættu á uppsöfnun næringarefna, súrefnisþurrð o.s.frv. Matvælastofnun bendir á að stefnt sé að því að skilgreina Önundarfjörð sem eitt smitvarnarsvæði og að æskilegt væri að hvíla allan fjörðinn frekar en eldissvæðin tvö til skiptis. Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnun og Matvælastofnun telja að margt sé of óljóst um framkvæmdina og að mat á umhverfisáhrifum sé æskilegt.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að vel sé þekkt að fóðurstuðull fyrir regnbogasilung sé hærri en fyrir lax. Framkvæmdaraðili þekkir núverandi fóðurstuðul í eldi sínu á regnbogasilung og því sé það sá fóðurstuðull sem stuðst sé við í tilkynningu félagsins. Stefnt sé þó að því að lækka



fóðurstuðulinn þegar lífmassaaukning náist í gegn og fóðurprammi verði tekinn í gagnið til að stýra fóðrun. Framkvæmdaraðili bendir á að mikill breytileiki sé í straumstefnu straumsjár á mælistöðvum í Önundarfirði og að hringrás í firðinum sé óregluleg sbr. mat á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis¹. Þá segir einnig að vindar hafi mikil áhrif á strauma sem fylgir útlæði sunnavert oft tengt sterkum norðaustan vindáttum. Einnig má benda á fyrri straummælingar Náttúrustofu Vestfjarða þar sem skýr straumur mældist inn fjörðinn sunnanverðan, eins og í öðrum fjörðum².

Áhrif á erfðablöndun við stofna villtra laxa

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað eldi á laxi sé lengra frá þekktum laxveiðiam í Ísafjarðardjúpi, s.s. Laugardalsá og Langadalsá en þau fjarlægðarmörk sem sett séu til viðmiðunar í áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Því sé ljóst að hverfandi líkur séu á að eldi ÍS 47 skapi hættu fyrir þessar ár. Næsta á við eldi ÍS 47 sé Hestá, en í þeirri á sé ekki náttúrulegur laxastofn og hafi í reynd verið lítill fiskur í henni og þá fyrst og fremst bleikja, líkt og raunin sé með vestfirskar ár almennt.

Fyrir liggur að áhættumat Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir að hægt sé að leyfa allt að 2.500 tonna eldi á frjóum laxi í Önundarfirði án þess að skaða laxastofna þeirra áa sem matið taki til. Skipulagsstofnun bendir á að í ljósi nýlegra atburða, þar sem eldislaxar sluppu úr eldiskví og leita nú upp í ár þar sem fyrir eru villtir laxastofnar, hafi Hafrannsóknastofnun ákveðið að þörf sé á að endurskoða áhættumat erfðablöndunar. Hefur stofnunin óskað eftir því að Samráðnefnd um fiskeldi fresti frekari umfjöllun um áhættumat erfðablöndunar þar til endurskoðun áhættumatsins liggur fyrir³.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að þegar fiskar sluppu úr eldiskví í Patreksfirði í ágúst 2023 bárust laxar þaðan í ár á Vestfjörðum, Norðurlandi og Vesturlandi⁴. Heildar eldismagn framkvæmdaraðila er áætlað 2.500 tonn sem samræmis gildandi burðarþolsmati sem og áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar Önundarfjarðar. Fiskistofa bendir á að horfa verði til þess að heildar eldismagn í Önundarfirði taki mið af endurskoðuðu burðarþolsmati og áhættumati vegna erfðablöndunar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að það sé almenn afstaða stofnunarinnar að forðast ætti eldi á frjóum laxi af framandi kynbættum stofni í sjókvíum. Staðsetning eldissvæða í Önundarfirði sé vissulega utan fjarlægðarmarka sem sett eru til viðmiðunar í áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun. Stofnunin telur að eldi með frjóum framandi tegundum eigi að vera í lokuðum kerfum.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að ekki sé verið að óska eftir tegundabreytingu í tilkynningunni en fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá því 2023 um tegundabreytingar.

¹ Hafrannsóknarstofnun 2022. *Mat á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis*. Endurútféið febrúar 2022.

² Böðvar Þórisson. 2013. *Straummælingar út af Mosdal í Önundarfirði 2013*. Unnið fyrir ÍS 47. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 19-13.

³ Hafrannsóknastofnun. (2023). *Hafrannsóknastofnun endurskoðar áhættumat erfðablöndunar 28. september 2023*.

<https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/hafrannsoknastofnun-endurskodar-ahaettumat-erfdablondunar>

⁴ Fjóra Rut Svavarsdóttir (ritstj.), Guðni Guðbergsson, Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Leó Alexander Guðmundsson, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Óskar Helgason, 2024. *Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2023*. HV 2024-29



Áhrif á sjúkdóma og sníkjudýr

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að heilbrigði eldisfisks hérlendis hafi almennt verið mjög gott. Þrátt fyrir mikið tjón í lúsafaraldri í Tálknafirði árið 2023, hafi nýrnaveiki verið sá sjúkdómur sem hafi valdið mestum skaða, ef litið sé yfir síðustu áratugi. Fisksjúkdómar sem einkum hafa komið upp í laxeldi séu nýrnaveiki, sveppasýkingar, laxalús og fiskilús. Síðustu ár hafa þó veiru og bakteríusýkingar aukist í takt við aukið eldið og veirur eins og PRV hafa valdið tjóni en einnig hafa vetrarsár sem og roðsár/ sporðáta valdið tjóni. Mikilvægt sé að gera ráð fyrir að aukið eldi í Ísafjarðardjúpi muni hafa í för með sér aukið lúsaálag. Eldislax í Vestfirskum fjörðum hafi verið meðhöndlaður vegna laxa- og fiskilúsasmits, með böðun og lyfjafóðrun. Einnig séu hrognkelsi algeng í laxeldiskvíum í sjó á Vestfjörðum sem mótvægisáðgerð gegn lúsasmiti. Það sé því ljóst að þessi sníkjudýr eru áskorun í laxeldi á Vestfjörðum.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar er bent á að skilgreining framkvæmdaraðila á sjókvíaeldissvæðum og eldissvæðum þurfi að skýra betur. Matvælastofnun gerir athugasemd við að áætlanir geri ekki ráð fyrir að fjörðurinn allur sé eitt sjókvíaeldissvæði heldur sé stefnt að því að hafa sitthvora kynslóðina á eldissvæðunum tveimur. Þetta verði til þess að fjörðurinn verður aldrei hvíldur í heild sinni, en um 3 km sé á milli eldissvæðanna. Stofnunin bendi á að fyrir liggja skv. frumvarpi til laga um lagareldi að minni firðir eins og Önundarfjörður verði skilgreindir sem eitt smitvarnarsvæði, sem þýði að útsetningar og hvíld eldissvæða innan smitvarnarsvæða verða samræmd, en aðskilnaður kynslóða með hvíld fjarðarins skili sér m.a. í bættum smitvörnum. Hafrannsóknastofnun bendir á að umfjöllun framkvæmdaraðila um laxalús sé almenn og ekki fjallað um þann skaða sem hún hafi valdið á Vestfjörðum undanfarið og þá sérstaklega árið 2023. Mikilvægt sé að gerð sé grein fyrir slíkum atburðum þar sem þeir geta endurtekið sig og þá mögulega haft áhrif á eldið líkt og eldi annarra á svæðinu. Þá sé mögulegt að grípa þurfi til lyfjameðhöndlana og þeim fylgja neikvæð umhverfisáhrif á villt krabbadýr, m.a. rækju. Matvælastofnun gerir athugasemd við framsetningu framkvæmdaraðila í umfjöllun um sjúkdóma og lús, að ekki hafi komið upp lús í regnbogaeldi framkvæmdaraðila. Bendir stofnunin á að fyrirtækið hafi ekki framkvæmt lúsatalningar eins og reglugerð um fiskeldi gerir ráð fyrir fyrir en árið 2024. Hafrannsóknastofnun og Matvælastofnun telja að skilgreina verði betur hvernig fyrirtækið hyggst fyrirbyggja lúsasmit og einnig hvernig það hyggst meðhöndla lús, komi þær aðstæður upp og hvaða umhverfisáhrif verði af notkun lyfja á umhverfið.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að áform framkvæmdaraðila auki líkur á auknum umhverfisáhrifum og mögulegum smit- eða strokuatburðum frá því sem nú er. Krafa um bættu vöktun og eftirlit sé því lyklatríði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hugtakanotkun í tilkynningunni hafi verið samræmd við hugtakanotkun í útgefnum leyfum og þeim fordæmum sem fyrir eru. Það sé mat framkvæmdaraðila að það ætti ekki að breyta neinu fyrir umhverfismat hvort sé notað hugtakið eldissvæði eða sjókvíaeldissvæði í umræddri tilkynningu þar sem að innan hvers sjókvíaeldissvæðis er aðeins eitt eldissvæði. Framkvæmdaraðili tekur undir með umsagnaraðilum að umfjöllun sé almenn um laxalús og ekki um þann skaða sem hún hafi valdið hjá öðrum fyrirtækjum í öðrum fjörðum sem ala lax. Það sé tekið fram að lúsinn hafi ekki valdið vanda og varla fundist á regnbogasilungi í eldi í sjó á Íslandi. Framkvæmdaraðili tekur þó undir þessa athugasemd og hefur unnið vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun er varðar lús skv. reglugerð um fiskeldi sem skilað verður inn til Matvælastofnunar til samráðs og samþykkis með umsókn um breytt rekstrarleyfi.

5 Skipulag og leyfi

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð breytingu á starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá



atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig breytingu á rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við lög um fiskeldi að hámarkslífmassi fiskeldis í Önundarfirði verði 2.500 tonn. Einnig ráðleggur stofnunin skv. áhættumati erfðablöndunar að eldismagn á frjóum atlandshafslaxi í opnum sjókvíum í Önundarfirði verði ekki meira en 2.500 tonn. Áform ÍS 47 ehf. eru innan burðarþols- og áhættumats fyrir Önundarfjörð.

Matvælastofnun bendir á í umsögn sinni að lög um fiskeldi (IX. ákvæði til bráðabirgða) geri ráð fyrir að heimilt sé að úthluta opinberlega því magni lífmassa sem heimilt er að ala í Önundarfirði og er umfram heimildir í leyfum til fiskeldis þar. Í 13. gr. reglugerðar um fiskeldi kemur fram að þegar sótt er um breytingu á gildandi rekstrarleyfi þurfi að koma fram hvort breyting eldissvæða sé í samræmi við skiptingu Hafrannsóknastofnunar í eldissvæði. Stofnunin hafi ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að verða boðinn út.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 skal leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi, Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022 tók gildi með staðfestingu ráðherra í mars 2023.

Ekki kemur fram í tilkynningu framkvæmdaraðila (dags. 17.4.2024) hvort áhættumat um siglingaöryggi liggja fyrir. Samkvæmt ákvæðum skipulagsins þarf áhættumat um siglingaöryggi að liggja fyrir áður en leyfi er veitt. Niðurstöður þess þurfa að skila sér í leyfisskilmála og geta varðað endanlega staðsetningu sjókvía, fyrirkomulag festinga, merkingar sjókvía og skermingu vinnulýsingar svo eitthvað sé nefnt.

Áður en til leyfisveitinga kemur þarf að liggja fyrri hvort framkvæmd sé í samræmi við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022 og bendir stofnunin á að skv. 2. mgr. 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða er heimilt að leggja fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort tiltekin framkvæmd eða starfsemi sé í samræmi við viðkomandi strandsvæðisskipulag.

Skipulagsstofnun bendir á að við vinnslu ákvörðunar um matsskyldu m.a. varðandi tilfærslu eldisvæðis framkvæmdaraðila að Hundsá sem stofnunin tók ákvörðun um þann 7. febrúar 2023, sá Veðurstofa Íslands sér ekki fært að veita umsögn. Áhrif náttúruvár á áform framkvæmdaraðila eru því mögulega ekki að öllu kunn og telur Skipulagsstofnun að ástæða sé til að kanna frekar möguleg áhrif náttúruvár við úrvinnslu leyfa á svæðinu.

Sjókvíar sem teljast hafa fasta staðsetningu séu byggingarleyfis skyld mannvirki skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áform um aukningu á umfangi eldis í Önundarfirði um 600 tonn af lífmassa af regnbogasilungi og/eða frjóum laxi í sjókvíum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi, úrgangsmyndun og samlegðar með öðrum framkvæmdum, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Auk skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er, álagsþols strandsvæða og kjörlendis dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig ber að skoða eiginleika hugsanlegra áhrifa með



tilliti til svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, samlegðaráhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Áhrif á ástand sjávar og lífríki á hafsbotni

Samkvæmt ákvæðum laga um stjórn vatnamála er markmið þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnasviðskerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vistfræðilegt ástand lífríkis í vatnshloti getur verið mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Gerð er sú krafa að öll vatnshlot skuli ávallt vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi.

Fyrirhuguð eldisaukning að 2.500 tonna hámarkslífmassa mun fela í sér aukið álag á sjó og botndýralíf vegna þess úrgangs sem mun koma til með að falla frá eldinu, en fyrir liggur mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t sjókvíaeldis þar sem gert er ráð fyrir að hámarkslífmassi verði aldrei meiri en 2.500 tonn og að nákvæm vöktun á áhrifum eldisins fari fram samhliða því. Hafrannsóknastofnun bendir þó á í umsögn sinni að burðarþolslíkan stofnunarinnar hafi gert ráð fyrir minni fóðurnotkun en þeirri sem reynsla framkvæmdaraðila hafi sýnt að sé raunin. Að mati Hafrannsóknastofnunar geti álag á vatnshlotið orðið mögulega meira en ásættanlegt er skv. burðarþoli ef regnbogasilungur er alinn þar sem matið miði við ef að lax væri alinn þar í sama magni. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að forsendur burðarþolsmatsins stangast á við þær forsendur sem framkvæmdaraðili leggur upp með, sé brýnt að leyfður hámarkslífmassi taki mið af breyttum forsendum, þ.e. reynist fóðurnotkun meiri í raun en forsendur matsins lögðu upp með, taki leyfður hámarkslífmassi mið af því.

Fyrir liggur að Önundarfjörður telst grunnur með meðaldýpi um 18 m. Í mati á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t sjókvíaeldis kemur m.a. fram að athuganir á ástandi sjávar í firðinum á ýmsum árstímum sýna að fjörðurinn er jafnan vel uppblandaður og nokkuð einsleitur og lagskipting sjávar lítil sem engin. Straummælingar sýna tiltölulega veikan meðalstraum og frekar óreglulega hringrás í firðinum og er endurnýjunartími fjarðarins um 10 til 11 sólarhringar. Slíkar aðstæður geta orðið til þess að dreifing þeirra næringarefna sem losuð eru frá fiskeldinu verði ekki næg til að koma í veg fyrir marktæka staðbundna styrk aukningu í firðinum, sem aftur getur leitt af sér aukinn svifþörungagróður og niðurbrot lífræns efnis sem krefst súrefnis sem kann að hafa áhrif á eldisfisk í kvíum. Því eru fyrir hendi aðstæður að mati Hafrannsóknastofnunar sem setja verulegt mark á burðarþol fjarðarins sbr. mat stofnunarinnar á burðarþoli fjarðarins m.t.t. sjókvíaeldis. Skipulagsstofnun bendir á að skv. mælaborði Matvælastofnunar varðandi sjókvíaeldi í Önundarfirði, hefur lífmassi aldrei farið yfir 394 tonn og því takmörkuð reynsla af eldi í firðinum og þeirra afleiddu áhrifa sem þaueldi geti valdið⁵. Fram hefur komið að áhrif á vatnshlotið geta mögulega orðið meiri en ásættanlegt er skv. burðarþolsmati við eldi á tegund sem krefst meira magn fóðurs en lagt var upp með skv. aðferðafræði matsins og í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að áhrifin geti orðið staðbundið neikvæð vegna fyrirhugaðrar lífmassaaukningar á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins Önundarfjörður 101-1388-C, sem er nú þegar er undir staðbundnu álagi frá skólpráveitu án hreinsunar og núverandi sjókvíaeldi⁶. Telur stofnunin að áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum, vegna úrgangs frá eldinu geti í framhaldinu orðið neikvæð og styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Áform framkvæmdaraðila eru þau að ala kynslóðir laxfiska á eldissvæðunum við Valþjófsdal og við Hundsa og hvíla hvert eldissvæði fyrir sig á milli kynslóða. Ekki sé gert ráð fyrir að hvíla fjörðinn í heild sinni, en um 3 km eru á milli eldissvæðanna. Matvælastofnun bendir á að fyrir liggi í frumvarpi til laga um lagareldi að minni firðir eins og Önundarfjörður verði skilgreindir sem eitt smitvarnarsvæði og því æskilegt að allur fjörðinn sé hvíldur frekar en eldissvæðin tvö til skiptis.

⁵ Matvælastofnun. (2024, september). *Mælaborð fiskeldis* <https://www.mast.is/is/maelaborð-fiskeldis>

⁶ Stjórn vatnamála. (2024, ágúst). *Vatnavefsjá* <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/101-1388-C>



Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Matvælastofnunar og Hafrannsóknastofnunar og telur að staðbundnar aðstæður sem og staðsetning eldissvæða setji verulegt mark á burðarþol fjarðarins m.t.t. sjókvíaeldis. Eldissvæðið við Valþjófsdal sé staðsett innarlega í firðinum, þar sem grynna sé og hafstraumar veikari og uppsöfnun lífrænna efna líklegri. Fyrirhugað eldissvæði við Hundsá er utarlega í Önundarfirði en hafstraumar með þeim hætti að líkur eru á að lífrænt efni frá nýju svæði berist inn fjörðinn í stað þess að berast út úr honum, sem aukið geti hættu á uppsöfnun næringarefna og m.a. valdið súrefnisþurrð og kunna slíkir atburðir að hafa áhrif á eldisfisk í kvíum, sem og getu fjarðarins til þess að bera mikið magn af lífmassa, en skv. mati Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis er bent á að æskilegra er að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að annmarkar eru á getu fjarðarins til þess að ala mikið magn af lífmassa og telur stofnunin að áhrifin geti orðið staðbundið neikvæð í ljósi þess að takmörkuð reynsla er af eldi í firðinum. Skipulagsstofnun telur að með hvíld eldissvæða og tilfærslu eldiskvía frá einni eldislotu til annarrar er líklegt að áhrifin verði að hluta afturkræf. Brýnt er þó að í starfsleyfi verði sett skilyrði um að vöktun verði á súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að tilhögun og nákvæmni þeirrar vöktunar verði í samræmi við það sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi til að byggja á við endurskoðun burðarþolsmats. Einnig að vöktun á næringarefnum fari fram þegar styrkur þeirra er hvað mestur. Að skýr viðmið verði um ástand botndýralífs og að tilgreindar verði mótvægisáðgerðir reynist ástand ekki ásættanlegt. Að ekki verði hægt að hefja eldi á ný fyrr en hafsbotn og botndýralíf á svæðinu hafi náð ásættanlegu ástandi skv. viðmiðum Umhverfisstofnunar og að bakgrunnsgildi fyrir ástand botns liggja fyrir á eldissvæðum áður en þau eru tekin í notkun. Skipulagsstofnun telur einnig tilefni til þess að í leyfum verði skilgreint það eldismagn sem að hámarki megi ala innan tiltekinnar eldissvæða, í ljósi mögulegrar viðkvæmni eldissvæðisins við Valþjófsdal, sem staðsett er innar í firðinum, þar sem grynna er og hafstraumar veikari og staðsetningar fyrirhugaðs eldissvæðis við Hundsá sem mögulega skili lífrænum efnum inn fjörðinn.

Áhrif á erfðablöndun við stofna villtra laxa

Samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar er talið mögulegt að ala allt að 2.500 tonn af frjóum laxi í Önundarfirði án þess að eldi hafi áhrif á þá náttúrulegu laxastofna sem áhættumatið nær til. Áhættumatið nær þó ekki til áa þar sem veiði hefur ekki verið skráð með reglubundnum hætti, en takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um laxastofna í Önundarfirði.

Sem fyrr segir er notkun á frjóum laxi háð þeim takmörkunum sem áhættumat Hafrannsóknastofnunar setur. Með vísan til áhættumats Hafrannsóknastofnunar og í ljósi nýlegrar umfangsmikilla slyasleppinga í Patreksfirði þar sem áætlað var að um 3.500 kynþroska eldislaxar hafi sloppið og leitað í kjölfarið í Íslenskar ár, telur Skipulagsstofnun að ofangreind áform um eldi á frjóum laxi geti haft neikvæð áhrif á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar. Skipulagsstofnun telur að áhrif eldis af frjóum laxi séu óviss á þá laxastofna sem áhættumatið taki til og gera megi ráð fyrir neikvæðum áhrifum á litla laxastofna í ám sem áhættumatið taki ekki til þar sem áhrif slíkrar erfðablöndunar geta verið óafturkræf, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á erfðafræðilega fjölbreytni. Skipulagsstofnun telur viðbúið að neikvæðra áhrifa gæti gætt í þeim ám innan Önundarfjarðar sem hýsa stofna laxfiska, s.s. Sandsá, Hestá og Bjarnadalsá.

Skipulagsstofnun telur að boðaðar mótvægisáðgerðir varðandi lágmarksstærð útsettra seiða og ljósastýringu til seinkunar á kynþroska laxa, séu líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum á villta laxastofna ef fyrirkomulag verður með þeim hætti sem boðað er að hálfu framkvæmdaraðila. Hins vegar hafa atburðir eins og ofangreind slyaslepping í Patreksfirði sýnt að þörf er á að skerpa á framkvæmd og eftirliti þeirra mótvægisáðgerða sem lagt er upp með til þess að draga úr mögulegum áhrifum. Telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í rekstrarleyfi verði skýrt kveðið á um boðaðar mótvægisáðgerðir og tilhögun þeirra.



Áhrif á sjúkdóma og sníkjudýr

Í mati á burðarþoli Önundarfjarðar kemur fram að laxalús og fiskilús geta valdið meiri skaða en áður var talið og fyrir fjörð sem er jafn lítill og Önundarfjörður, hefur skortur á plássi áhrif á burðarþol og getur magnað mögulegan lúsavanda⁷. Áform framkvæmdaraðila gera ekki ráð fyrir að fjörðurinn allur sé eitt sjókvíaldissvæði heldur stefnt að því að hafa sitt hvora kynslóðina á eldissvæðunum tveimur, en um 3 km skilja að eldissvæðin. Skipulagsstofnun tekur undir með umsögn Matvælastofnunar og Hafrannsóknastofnunar að aðskilnaður kynslóða með hvíld fjarðarins skili sér í bættum smitvörnum og er einnig mikilvægur liður í baráttunni við m.a. lús. Skipulagsstofnun bendir á að laxalús hafi verið mikið vandamál í eldi og valdið skaða á Vestfjörðum undanfarið og þá sérstaklega árið 2023, þar sem magn laxalúsar í Tálknafirði í október 2023 var meira en sést hafi áður hérlendis. Þetta aukna lúsaálag hafði mjög slæm áhrif á velferð fiskisins og voru afleiðingarnar umfangsmiklar⁸.

Matvælastofnun hefur einnig bent á að við vinnu stofnunarinnar að fyrirhuguðum breytingum á löggjöf um lagareldi með matvælaráðuneytinu, sé eitt af aðalatriðunum varðandi viðbrögð við laxalús afmörkun smitvarnarsvæða, þar sem einn rekstraraðili ali eina kynslóð fiskis á hverju smitvarnarsvæði með „allt inn, allt út“ aðferðafræði og þá sé smitvarnarsvæðið hvílt í heild sinni milli kynslóða. Telur stofnunin að nauðsynlegt sé að settur verði heildstæður rammi fyrir varnir gegn sjúkdómum og sníkjudýrum í fiskeldi, með það að leiðarljósi að áhersla verði sett á fyrirbyggjandi aðgerðir og skjót viðbrögð sem stuðli að sjálfbæru og ábyrgu fiskeldi⁹.

Skipulagsstofnun tekur undir með Matvælastofnun og telur að horfa beri til heimildar stofnunarinnar til að grípa til aðgerða komi upp smitsjúkdómar, sem kveða á um samræmda útsetningu seiða sem snúi að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun sníkjudýra. Með hliðsjón af áður nefndum heimildum Matvælastofnunar til að skilyrða rekstrarleyfi telur Skipulagsstofnun að áhrifin verði ekki umtalsverð. Eldissvæði ÍS 47 eru í nokkurri nálægð við hvort annað og því viðbúið að álag á lífríki og eldisfisk m.t.t. sjúkdóma og sníkjudýra geti aukist og brýnt að huga að viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun sníkjudýra, raungerist áform framkvæmdaraðila með eldi á báðum eldissvæðum samtímis.

Skipulagsstofnun telur að setja eigi skilyrði í rekstrarleyfi um að fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar í eldi verði í samræmi við leiðbeiningar um lúsatalningu frá Matvælastofnun. Stofnunin telur að tilefni sé til þess að gerði verði krafa um að viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir verði í samræmi við niðurstöður um smitálag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna. Stofnunin telur auk þess æskilegt að í leyfum verði skýrt kveðið á um heimildir til að bregðast við vegna mögulegra afleiðinga þess að laxa- og fiskilús verði viðvarandi í eldi í Önundarfirði, þ.m.t. möguleg hvíld fjarðarins í heild sinni, vegna smæðar hans og mikillar nálægðar sjókvíaldissvæða. Í ljósi þess að nýverið greindist sjúkdómsvaldandi afbrigði ISA-veirunnar í laxi hér á landi, en veiran er talin mjög smitandi í sjó innan 5 km radíuss og dánartíðni oft há þar sem streita og álag á fisk er mikil, leggur Skipulagsstofnun til að rekstrarleyfisveitandi meti hvort ástæða sé til að takmarka notkun á búnaði við fyrirhugað eldi sem áður hefur verið notaður við fiskeldi á svæðum sem geyma sjúkdóma sem ekki hafa komið fram á svæðinu.

⁷ Hafrannsóknastofnun, 2022. *Mat á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t. sjókvíaldis*. Endurútféfið febrúar 2022. Hafrannsóknastofnun.

⁸ Matvælastofnun. 2024. *Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023. Greining á atburðarás*. <https://www.mast.is/static/files/Fiskeldi/lusaskýrsla/affoll-i-sjokviaeldi-vegna-laxalusa-i-talknafirdi-arid-2023.pdf>

⁹ Matvælastofnun. 2024. *Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023. Greining á atburðarás*. <https://www.mast.is/static/files/Fiskeldi/lusaskýrsla/affoll-i-sjokviaeldi-vegna-laxalusa-i-talknafirdi-arid-2023.pdf>



Skipulagsstofnun bendir á að atburðir í líkingu við þá sem fram hafa komið hér að framan geta endurtekið sig og haft áhrif á starfsemi framkvæmdaraðila. Þá hafi lyfjameðhöndlun neikvæð umhverfisáhrif á villt krabbadýr, m.a. rækju. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð eldisaukning ÍS 47 komi til með að auka álag á villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og sníkjudýra auk þess sem viðbúið er að inngrip í líkingu við lyfjameðhöndlun geti hafi staðbundið neikvæð áhrif á villt krabbadýr.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. október 2024.

Reykjavík, 9. september 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

